

Kennslusvið

26.4.2012/ÞK,BZ

Fyrir háskólaráðsfund 3. maí 2012.

Veiting akademískra nafnbóta

Eitt af nýmælum samstarfssamnings Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss, sem fyrst var gerður árið 2001, var að gefa starfsmönnum LSH kost á akademískum nafnbótum við heilbrigðisvísindadeildir háskólans. Skilyrt er að þessir starfsmenn gegni klínískum eða paraklínískum störfum í a.m.k. 70% starfshlutfalli. Tilgangur þessa var (og er) að styrkja og þróa hin nánu tengsl sem eru á milli háskólans og spítalans.

Settar voru sérstakar reglur (nr. 838/2002, nú nr. 212/2011) um viðurkenningu HÍ á akademísku hæfi starfsmanna LSH og veitingu akademískrar nafnbótar. Nafnbætur eru tímabundnar til fimm ára. Hætti nafnbótarþegi störfum á LSH fellur nafnbótin niður. Í samstarfssamningum HÍ við Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu, Krabbameinsfélag Íslands og Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins er einnig gert ráð fyrir möguleika á veitingu akademískrar nafnbótar skv. sömu reglum.

Samkvæmt reglunum gefur rektor út, í umboði háskólaráðs, viðurkenningu á akademísku hæfi að fengnu álitu dómnefndar og tillögu viðkomandi háskóladeildar. Rektor leggur tillöguna fyrir háskólaráð.

Fram til þessa hefur 137 klínískum og paraklínískum starfsmönnum LSH verið veitt akademísk nafnbót, 6 starfsmönnum Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og 2 starfsmönnum Krabbameinsfélags Íslands.

Á næstunni er ráðgert að eftirtöldum þremur einstaklingum verði veitt akademísk nafnbót skv. tillögu læknaeildar að fengnu álitu dómnefndar:

Evald Sæmundsen, sálfræðingur, dósentshæfi, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Guðrún Árnadóttir, iðjuþjálfari, dósentshæfi, LSH.

Guðlaug Þórsdóttir, læknir, dósentshæfi, LSH.